



Reykjavíkurborg
Framkvæmda- og eignasvið
Skrifstofa gatna- og eignaumsýslu

VETRARÞJÓNUSTA
ÞJÓNUSTUHANDBÓK
ÚTGÁFA 03

VETRARÞJÓNUSTA

ÞJÓNUSTUHANDBÓK FER

VERKNÚMÉR:

DAGS: 2010-10-25

VERKÞÁTTURI:

NR.:

UNNIÐ FYRIR: Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkur (FER)

VERKEFNISSTJÓRI: Guðbjartur Sigfússon (FER)

HÖFUNDUR: Örn Steinar Sigurðsson/Guðrún Dröfn Gunnarsdóttir

YFIRFARIÐ:

Uppfærsla ágúst 2010 – Atli Björn Levy

THEODÓRGUÐFINNSSON(FER)

DREIFING: Á vef Reykjavíkurborgar

SAMANTEKT:

Eftirfarandi er endurskoðuð og uppfærð útgáfa af þjónustuhandbók Gatnadeildar fyrir vetrarþjónustu gatna sem fyrst var gefin út í ágúst 2004. Handbókin var hluti útboðsgagna fyrir snjóhreinsun og hálkueyðing gatna sem var í fyrsta sinn boðin út haustið 2004. Útboðið náði til fjögurra ára eða fram á vorið 2008, en var síðan framlengt um tvö ár og lauk því vorið 2010.

Helstu breytingar í uppfærslu þessari er ný flokkun gatna í þjónustuflokka ásamt því þjónustulýsingar og þjónustutími eru nokkuð breytt frá síðustu útgáfu

Vetrarþjónusta gatna í Reykjavík verður boðin út til þriggja ára haustið 2010, eða fram á vorið 2013 og er þjónustuhandbók þessi hluti útboðsgagna.

Snjóhreinsun og hálkueyðing gönguleiða sem boðin var út snemma árs 2008 gildir fram á vorið 2011 en þá er áætlað að bjóða verkið út að nýju og er þjónustuhandbók þessi hluti útboðsgagna þess útboðs.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	ii
1. Yfirlit.....	1
2. Skilgreiningar.....	1
3. Þjónustuflokkar.....	2
3.1 Þjónustuflokkur 1	2
3.2 Þjónustuflokkur 2	2
3.3 Þjónustuflokkur 3	3
3.4 Þjónustuflokkur 4	3
3.5 Þjónustuflokkur B.....	3
3.6 Þjónustuflokkur G.....	4
3.7 Yfirlit þjónustuflokka	4
4 Verklýsing.....	5
4.1 Þjónustutímabil vetrarþjónustu	5
4.2 Efni til hálkueyðingar	5
4.2.1 Kröfur til efnis	5
4.3 Tækjabúnaður	6
4.3.1 Viðverutæki	6
4.3.2 Viðbótartæki:.....	6
4.4 Veðurspár og upplýsingar.....	6
4.5 Óveðursviðbúnaður	6
4.6 Viðhald og ástandskönnun tækja	6
4.7 Kröfur til tækja	7
4.8 Kröfur til starfsmanna.....	7
4.9 Tæknileg atriði snjóhreinsunar	7

1. Yfirlit

Handbók þessari er ætlað að skilgreina og lýsa þeirri vetrarþjónustu, sem Reykjavíkurborg veitir. Markmið Reykjavíkurborgar að veita skilvirka og hagkvæma vetrarþjónustu, sem felst í hálkueyðingu og snjóhreinsun gatnakerfis og gönguleiða borgarinnar til öryggis fyrir íbúa borgarinnar og hinn almenna vegfaranda.

Gatnakerfinu er skipt niður í þjónustuflokka með tilliti til umfangs þjónustunnar, sem veitt er. Þjónustuflokkarnir eru:

1. Helstu stofnbrautir og mikilvægar tengigötur vegna neyðarþjónustu.
2. Aðrar stofn- og tengibrautir, fjölfarnar safngötur og strætisvagnaleiðir
3. Safngötur
4. Húsagötur

Bifreiðastæði og gönguleiðir ásamt biðstöðvum strætisvagna tilheyra sérstökum flokkum:

- B Bifreiðastæði
- G Gönguleiðir og biðstöðvar Strætó

Fyrir hvern flokk er skilgreint þjónustumarkmið og þjónustustig.

Þjónustulýsingin fyrir hvern flokk á við venjulegar vetraraðstæður, en ekki við þær aðstæður sem skapast þegar óveður gengur yfir, þar sem ekki er mögulegt að halda götum snjó- og hálkulausum á meðan. Við slíkar aðstæður miðast þjónustan við að halda helstu stofnbrautum og strætisvagnaleiðum opnum ásamt aðgengi að sjúkrahúsum. Sjá nánar í kafla um óveðursviðbúnað.

Vetrarþjónusta er stjórnað frá Þjónustumiðstöð Framkvæmda- og eignasviðs (FER) þar sem eftirlitsmaður fylgist með veðurútliti og ákveður hvenær ástæða er að hefja aðgerðir hverju sinni. Eftirlitsmaður kallar út þá verktaka, sem samningar hafa verið gerðir við, eftir þörfum.

Eftirlitsmaður er umsjónarmaður verkkaupa í útboðsverkum.

Kort sem sýna yfirlit þjónustuflokka í vetrarþjónustu fylgja hverju útboði fyrir sig en má einnig sjá á heimasíðu Reykjavíkurborgar.

2. Skilgreiningar

- Verktímabil: Frá viku 46 til og með viku 13 árið eftir nema annað komi fram í útboðs- og verklýsingu.
- Vakttími: Sá tími sólarhrings sem verktakar þurfa að vera í viðbragðsstöðu til að sinna þjónustu.
- Þjónustutími: Sá tími sólarhrings þegar full þjónusta er veitt skv. lýsingu fyrir viðkomandi þjónustustig
- Snjóhreinsun: Snjór fjarlægður með snjóruðningstækjum án brottflutnings.
- Snjómokstur: Snjóhreinsun ásamt ámokstri á bíla, brottflutningi á losunarstað.
- Hálkueyðing: Dreifing á hálkueyðandi efni (salt, saltpækill, sandur) á götur eða gönguleiðir.
- Viðverutæki Sérútbúin tæki til snjóhreinsunar og hálkueyðingar að staðaldri.
- Viðbótartæki: Tæki sem gripið er til ef viðverutæki duga ekki til verksins.

3. Þjónustuflokkar

Eftirfarandi er gerð grein fyrir þjónustumarkmiði og þjónustustigi fyrir hvern þjónustuflokk fyrir sig. Í töflu 3.1 í kafla 3.7 er tekið saman yfirlit fyrir alla þjónustuflokkana og á yfirlitsmynd í viðauka 1 má sjá hvernig götur í Reykjavík hafa verið flokkaðar í þjónustuflokka.

3.1 Þjónustuflokkur 1

Til þessa flokks heyra helstu stofnbrautir borgarinnar ásamt mikilvægum tengigötum vegna neyðarþjónustu.

Þjónustumarkmið

Leitast skal við að halda helstu stofnbrautum í því ástandi að snjór og háлка hafi óveruleg áhrif á flæði eða öryggi umferðarinnar og að umferð sé greið innan skilgreinds þjónustutíma sjá töflu 3.1 og þess utan eftir þörfum.

Þjónustustig

Þegar útlit er fyrir háلكu eða snjókomu, skal hefja aðgerðir innan 0,5 klst. frá því að tilkynning frá stjórnstöð berst og ljúka fyrstu yfirferð í snjóhreinsun og háلكueyðingu innan 2 klst.

Aðgerðir hefjast með forsöltun ef með þarf og snjóhreinsun skal hefjast áður en snjódýpt nær 2 cm. Snjóhreinsun akbrauta og gatnamóta ásamt háلكueyðingu skal að fullu lokið innan 2 klst. frá því að snjókomu lýkur og 1 klst þar á eftir skal ljúka snjóhreinsun og háلكueyðingu á a.m.k. hálfri axlarbreiddinni ef öxl er til staðar.

Á meðan snjókoma stendur yfir skal leyfileg snjódýpt mest vera 5 cm. Mesta leyfilega spordýpt í þjöppuðu snjóyfirborði er 1 cm.

Viðnámsstuðull skal aldrei vera lægri en 0,25 (hált), þ.e. stöðvunarvegalengd ökutækis skal vera undir 60 m. ef ekið er á hraða 60 km/klst.

Útsýni á gatnamótum má vera takmarkað af snjóruðningi að hámarki í einn sólarhring.

3.2 Þjónustuflokkur 2

Til þessa flokks heyra allar strætisvagnaleiðir, sem ekki tilheyra þjónustuflokki, tengibrautir og nokkara aðrar fjölfarnar götur.

Þjónustumarkmið

Leitast skal við að halda götum í því ástandi að snjór og háлка hafi óveruleg áhrif á flæði eða öryggi umferðarinnar og að umferð sé greið innan skilgreinds þjónustutíma, sjá töflu 3.1 og þess utan eftir þörfum.

Þjónustustig

Þegar útlit er fyrir háلكu eða snjó að morgni, skal hefja aðgerðir það tímanlega að fyrstu yfirferð í snjóhreinsun og háلكueyðingu sé lokið fyrir kl. 07:00, að því marki að umferð geti gengið eðlilega fyrir sig.

Í þeim tilvikum að háلكu eða snjókomu geri innan þjónustutímans, skal hefja aðgerðir innan 1,0 klst. frá því að tilkynning frá umsjónarmanni berst og ljúka fyrstu umferð í snjóhreinsun og háلكueyðingu innan 3 klst.

Aðgerðir hefjast með forsöltun, ef með þarf (ef ísing), og snjóhreinsun skal hefja áður en snjódýpt nær 5 cm. Snjóhreinsun akbrauta og gatnamóta ásamt háلكueyðingu skal lokið innan 3 klst. frá því að snjókomu lýkur.

Á meðan snjókoma stendur yfir skal leyfileg snjódýpt mest vera 10 cm. Mesta leyfilega spordýpt í þjöppuðu yfirborði er 2 cm.

Viðnámsstuðull skal aldrei vera lægri en 0,25 (hált).

Útsýni á gatnamótum má vera takmarkað af snjóruðningi að hámarki í einn sólarhring.

3.3 Þjónustuflokkur 3

Til þessa flokks heyra safngötur aðrar en þær sem eru í flokkum 1 og 2 ásamt fjölförnum húsagötum.

Þjónustumarkmið

Leitast skal við að halda götum í því ástandi að snjór og háлка hafi lítil áhrif á flæði eða öryggi umferðarinnar og að umferð sé greið innan skilgreinds þjónustutíma, sjá töflu 3.1 og þess utan eftir þörfum.

Þjónustustig

Þegar útlit er fyrir háлку eða snjó að morgni, skal hefja aðgerðir það tímanlega að fyrstu yfirferð í snjóhreinsun og háلكueyðingu sé lokið fyrir kl. 08:00, að því marki að umferð geti gengið nokkuð eðlilega fyrir sig.

Í þeim tilvikum að háлку eða snjókomu geri innan þjónustutímans, skal hefja aðgerðir innan 1,5 klst. frá því að tilkynning frá umsjónarmanni berst og ljúka fyrstu umferð í snjóhreinsun og háلكueyðingu innan 3 klst.

Aðgerðir hefjast með forsöltun, ef með þarf (ef ísing), og snjóhreinsun skal hefja áður en snjódýpt nær 7 cm. Snjóhreinsun akbrauta og gatnamóta ásamt háلكueyðingu skal lokið innan 3 klst. frá því að snjókomu lýkur.

Á meðan snjókoma stendur yfir skal leyfileg snjódýpt mest vera 12 cm. Mesta leyfilega spordýpt í þjöppuðu yfirborði er 3 cm.

Háلكueyðing skal miðast við að viðnámsstuðull sé aldrei lægri en 0,25 (hált).

Útsýni á gatnamótum má vera takmarkað af snjóruðningi að hámarki í einn sólarhring.

3.4 Þjónustuflokkur 4

Til þessa flokks heyra húsagötur og fáfarnari götur.

Þjónustumarkmið

Leitast skal við að halda götum akfærum innan skilgreinds þjónustutíma, sjá töflu 3.1.

Þjónustustig

Götur í þessum flokki verða því aðeins hreinsaðar að þær séu þungfærar einkabílum, mikil háлка, eða snjódýpt meiri en 15 cm. og snjóhreinsun miðast aðeins við að gera viðkomandi götur akfærar.

Háلكueyðing er aðeins gerð með söndun.

Við snjóhreinsun húsagatna verður óhjáhvæmilega um það að ræða að snjóruðningar myndist við innkeyrslur. FER mun ekki sjá um snjóhreinsun slíkra ruðninga og verða íbúar því sjálfir að hreinsa burt snjó úr innkeyrslum.

Í þeim húsagötum þar sem aðstæður eru sérlega erfiðar, svo sem í brekkum, mun FER koma fyrir saltkössum sem íbúar geta notað salt úr í neyðartilvikum.

3.5 Þjónustuflokkur B

Til þessa flokks heyra bifreiðastæði í eigu Reykjavíkurborgar.

Þjónustumarkmið

Leitast skal við að halda bifreiðastæðum borgarinnar í nothæfu ástandi innan opnunartíma þeirra stofnana og fyrirtækja sem þjóna.

Þjónustustig

Þegar útlit er fyrir að um háлку eða snjó verði að ræða að morgni, skal hefja aðgerðir það tímanlega að hægt sé að opna stæðin fyrir umferð fyrir kl. 8:00, sjá töflu 3.1.

Bifreiðastæði borgarstofnana verða snjóhreinsuð fyrst og síðan almenn bifreiðastæði.

Snjóhreinsunin miðast við að hægt verði að nýta sem flest stæði.

3.6 Þjónustuflokkur G

Til þessa flokks heyra gönguleiðir ásamt biðstöðvum strætisvagna. Gönguleiðunum er skipt í flokka eftir mikilvægi. Þær leiðir sem eru mikilvægastar fyrir ferðir hjólandi og gangandi milli staða eru hreinsaðar fyrst (flokkur 1a).

Þjónustumarkmið

Leitast skal við að halda helstu gönguleiðum að skólum og biðstöðvum strætisvagna greiðfærum á tímabilinu 08:00 - 18:00 og auk þess skal leitast við að halda biðstöðvum hreinum og hálkulausum á sama tímabili.

Þjónustustig

Í snjó og háлку skal hefja aðgerðir að því marki að gönguleiðir í flokki 1a séu orðnar greiðfærar kl. 07:00 en aðrar leiðir í flokki 1 séu orðnar greiðfærar kl. 08:00. Gönguleiðir í flokki 2 eiga að vera orðnar greiðfærar fyrir kl. 12:00. Sjá töflu 3.1. Aðrar gönguleiðir verða því aðeins hreinsaðar að tekist hafi að ljúka snjóhreinsun gönguleiða í flokkum 1 og 2.

Í þeim tilvikum að háлку eða snjókomu geri innan þjónustutímans, skal hefja aðgerðir innan 1 klst. frá því að tilkynning frá umsjónarmanni berst og ljúka fyrstu umferð í snjóhreinsun og hálkueyðingu gönguleiða í flokki 1 innan 5 klst., og gönguleiðum í flokki 2 innan 10 klst.

Ef útkall berst fyrir kl. 04:00 skal hefja aðgerðir innan 0,5 klst. frá því að tilkynning frá umsjónarmanni berst og ljúka fyrstu umferð í snjóhreinsun og hálkueyðingu gönguleiða í flokki 1a innan 3 klst., öðrum leiðum í flokki 1 innan 4 klst. og gönguleiðum í flokki 2 innan 8 klst.

3.7 Yfirlit þjónustuflokka

Til að auðvelda samanburð á milli flokka er í töflu 3.1 tekið saman yfirlit þjónustuflokkana í samræmi við lýsinguna í köflunum hér að framan.

Verktímabil vetrarþjónustu stendur yfir frá viku 46 – viku 13 árið eftir. Vakttími á virkum dögum er frá kl. 04:00 – 22:00. Utan hefðbundinnar vaktar er kallað sérstaklega út ef þörf er á.

Tafla 3.1 Yfirlit þjónustuflokka

Þjónustu- flokkur	Þjónustu- tími	Við- bragðs- tími	Hreins- unar- tími	Snjódypt við byrjun aðgerða	Mesta snjódypt	Lágmarks viðnám	Útsýni takmarkað
		klst	klst	cm	cm		sólarhr.
1	07:-22:	0,5	2	2	5	0,25	1
2	07:-22:	1,0	3	5	10	0,25	1
3	08:-21:	1,5	3	7	12	0,25	1
4	08:-21:				15		
B	08:-17:						
G1a	07:-18:	1,0	5 / 4				
G1	08:-18:	1,0	5 / 4				
G2	12:-18:	1,0	10 / 8				
G3	Innan 24 klukkustunda						
G4	Snjóhreinsun síðar						

4 Verklýsing

4.1 Þjónustutímabil vetrarþjónustu

Snjóhreinsun og hálkueyðing verður framkvæmd hvenær sem ástæða er til, en fullkominn viðbúnaður skal jafnan hafður til staðar á tímabilinu 15. nóvember til 1. apríl.

4.2 Efni til hálkueyðingar

Til hálkueyðingar á götum er að jafnaði notað salt (NaCl) að undanskildum húsagötum og bifreiðastæðum, sem og gönguleiðum, en þar er notaður sandur.

Jafnan skal haft til reiðu þann 1. nóvember það saltmagn, sem svarar 1/3 af ársnotkun. Við útreikning á saltmagnspörf skal taka mið af notkun síðustu þriggja ára og miða við meðaltal þeirra ára. Saltnotkun síðustu árin er sýnd í töflu 4.1.

Tafla 4.1 Saltnotkun á ári

Ártal	Notkun úr geymslu	Þar af notkun Rvk
	tonn	tonn
1998-99	9.807	4.428
1999-00	12.086	5.857
2000-01	7.218	2.953
2001-02	9.997	4.399
2002-03	7.780	2.925
2003-04	9.536	3.437
2004-05	16.478	6.369
2005-06	12.280	5.163
2006-07	12.846	5.702
2007-08	18.386	8.035

4.2.1 Kröfur til efnis

Efniskröfum er lýst í töflum 4.2 og 4.3

Tafla 4.2 Kröfur til efnis, kornadreifing

Gegnum sigti	Þyngdarprósent
500 µm skulu fara	0 - 10
1 mm skulu fara	0 - 30
2 mm skulu fara	20 - 65
4 mm skulu fara	65 - 100
8 mm skulu fara	95 - 100

Tafla 4.3 Aðrar efniskröfur

Uppleysanleiki í vatni		Minnst 97,0 %	
Efnasamsetning	NaCl	Minnst 95,0 %	(af þurrefni)
	Kaliumferrocyanid	Minnst 100 ppm	
		Mest 200 ppm	
Vatnsinnihald		Mest 4,0 %	
Sandur skal vera af kornastærð 2- 8 mm			

Efni til hálkueyðingar er afhent frá birgðastöð Gatnadeildar.

4.3 Tækjabúnaður

Tækjaáætlun er skipt í tvennt, annars vegar viðverutæki, sem að staðaldri sinna vetrarþjónustu og hins vegar viðbótartæki, sem gripið er til, ef viðverutækin duga ekki til verksins. Á þjónustutímabilinu skal eftirfarandi tækjabúnaður vera til staðar:

4.3.1 Viðverutæki

Götur:

- 8 vörubílar með snjótönn og dreifara
- 1 hjólaskófla
- 1 þækilframleiðslustöð
- 4 snjóblásarar

Gönguleiðir, bílastæði og biðstöðvar

- 4 traktorsgröfur
- 14 traktorar

Þegar og ef viðverutæki anna ekki fyrirleggjandi verkefnum innan þjónustutímans skal kalla til viðbótartæki eftir þörfum. Koma skal upp lista yfir verktaka, ásamt tækjum þeirra, sem hægt er að leita til gerist þess þörf.

Áður en þjónustutímabil hefst skal vera búíð að leita eftir þeim aðilum sem tilbúnir eru að veita þjónustu.

4.3.2 Viðbótartæki:

Bent er á að uppgefinn fjöldi er aðeins til lauslegrar viðmiðunar.

Götur:

- 6 dráttarbílar með vagni til snjóflutnings
- 4 vörubílar til snjóflutnings
- 1 jarðýta eða hjólaskófla á tipp
- 4 hjólaskóflur
- 25 önnur tæki, vegheflar, hjólaskóflur og traktorsgröfur

4.4 Veðurspár og upplýsingar

Sérstakur samningur er gerður við Veðurstofu um veðurupplýsingar. Vaktmaður hverju sinni fylgist með veðri og hefur þannig aðgang að sérstökum veðurspám ásamt svonefndum veðurradar, sem sýnir meðal annars áætlað úrkomuinnihald veðurkerfa er nalgast Reykjavík. Fylgst er með veðri allan sólarhringinn.

4.5 Óveðursviðbúnaður

Þegar von er á ófærð, mikilli snjókomu eða skafrenningi, er gefin út tilkynning um óveðursviðbúnað. Öll viðverutæki eru þá undirbúin til hálkueyðingar og snjóhreinsunar.

Auk þess er stjórnendum allra viðbótartækja, vinnuvéla og vörubifreiða gert viðvart, til að þeir geti brugðist skjótt við ef um útkall verður að ræða.

4.6 Viðhald og ástandskönnun tækja

Gatnadeild mun láta yfirfara öll tæki, sem notuð eru í vetrarþjónustu, ekki síðar en 15. október ár hvert. Ekkert tæki má nota til verksins án þess að það hafi verið yfirfarið og það standist þær kröfur sem Gatnadeild gerir til þeirra tækja sem koma að vetrarþjónustu. Slík skoðun kemur að sjálfsögðu ekki í stað annarra skylduskoðana og reglubundins eftirlits.

4.7 Kröfur til tækja

Öll tæki skulu merkt gulum viðvörðunarljósum með fyrirkomulagi að forskrift Gatnadeildar.

GSM símar skulu vera í öllum tækjum (handfrjáls búnaður), eða sambærilegt kerfi.

Vörubílar skulu vera með tengingu fyrir snjótönn að framan og saltdreifingarbúnað á palli. Á aðalleiðum skulu vörubílar ekki vera minni en 10 hjóla, u.þ.b. 10 tonn og a.m.k. 300 hestöfl (Volvo R10 eða sambærilegt). Í eldri borgarhlutum þar sem aðstæður eru sérlega þröngar, verða þó notaðir minni bílar. GPS búnaður skal vera í öllum bílum. Öxulþungi skal vera innan leyfilegra marka eftir að snjótönn er komin á bifreiðina.

Hjólaskóflur skulu vera 10 – 15 tonn og útbúnar með hraðtengi. Snjótönn þarf að vera skekkjanleg og gefa eftir þegar hún rekst í kantsteina og annað. Skófla þarf einnig að vera til reiðu á vélina (Volvo L70 eða sambærileg).

Traktorsgröfur skulu vera búnar hraðtengi, skóflu og snjótönn.

Saltkassar á vörubíla skulu vera a.m.k. 5 m³ og tengdir GPS-búnaði bílsins. Dreifibúnaðurinn skal vera hreyfanlegur og bleyting fari fram við disk.

(EPOKE SIRIUS eða sambærilegt)

GPS búnaður skal samhæfður öðrum GPS búnaði Gatnadeildar.

Gerð er sú krafa að allir bílar sem sinna götum í þjónustuflokki 1, séu búnir sérstaklega hljóðlátum snjótönnum, með gúmmískerum.

4.8 Kröfur til starfsmanna

Allir starfsmenn skulu hafa full réttindi á viðkomandi tæki. Gatnadeild getur auk þess krafist þess að fulltrúi Gatnadeildar sannreyni hæfni þeirra.

Starfsmenn skulu sýna öðrum vegfarendum tillitsemi eftir því sem unnt er og gæta ætíð fyllstu varúðar við vinnu sína.

4.9 Tæknileg atriði snjóhreinsunar

Áður en snjóhreinsun hefst skal gengið úr skugga um að allur búnaður virki, þar með talinn fjarskiptabúnaður og allur öryggisbúnaður véla.

Hálkueyðing með forbleyttu salti

Saltmagn skal stillt eftir fyrirmælum stjórnstöðvar í hvert sinn. Við forsöltun og eins ef um þunna ísfilmu er að ræða er saltmagn um 5 – 10 g/m², en allt að 40 g/m² í snjókomu.

Ekki má nota meira saltmagn en nauðsyn krefur hverju sinni.

Forbleyting salts er gerð við disk á dreifara. Vökvamagn við forbleytingu salts skal stillt eftir fyrirmælum frá stjórnstöð í hvert sinn.

Stilla skal keilubreidd þannig að hún sé um 80% af akreinarbreiddinni í hvert sinn.

Ætíð skal haga hraða eftir aðstæðum, en leiðbeinandi gildi fyrir aksturshraða er 40 - 50 km/klst.

Hálkueyðing með sandi

Sandnotkun skal miða við 200 – 400 g/m² á götum og um 100 –200 g/m² gönguleiðar.

Ætíð skal haga hraða eftir aðstæðum, en leiðbeinandi gildi fyrir aksturshraða er 30 km/klst.


Annað

Ætíð skal aka á hæfilegum hraða með það að markmiði að snjóhreinsun verði markviss, en jafnframt að gætt sé fyllsta öryggis gagnvart öðrum vegfarendum.

Fylgja skal fyrirfram settri forgangsröð í snjóhreinsun eftir því sem unnt er.

Reynt skal af fremsta megni að forðast skemmdir á girðingum, köntum, umferðarskiltum, ljósastaurum, umferðarljósum og grassvæðum, sem og öðrum bílum og ökutækjum.

Forðast skal að aka tækjum aftur á bak, nema brýn nauðsyn krefjist þess.



Snjöhreinsun og hálkueyðing gatna Forgangsroðun 2010-2013

Viðauki 2 – Bílastæði, yfirlit. ATH - kort ekki tilbúið

Viðauki 3 – Gönguleiðir, þjónustuflokkar, yfirlit